



Reglur varðandi viðauka við fjárhagsáætlun hjá Grímsnes- og Grafningshreppi

Í 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um viðauka við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Reikningsskila- og upplýsinganefnd hefur sett verklagsreglur sem eiga að vera grunnur að verklagi sveitarfélags við gerð viðauka.

Meginforsendur við gerð viðauka eru samkvæmt reglum reikningsskila- og upplýsinganefndar eftirfarandi:

- Fjárhagsáætlun hvers árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um fjárheimild ársins.
- Leita skal fyrirfram samþykkis sveitarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóri, sviðstjórar og forstöðumenn bera ábyrgð á að haldafjárhagsáætlun ársins innan fjárheimildar.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.
- Ekki er heimilt að samþykkja ný útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema jafnhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlunsveitarfélags.
- Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka.
- Forsenda samþykktar á viðauka er að fram komi hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð. Ef ákvörðun kallar á færslu milli liða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða liði fjárhagsáætlunar um ræðir svo bóka megir í viðauka.
- Sveitarstjórn setur sérstakar reglur sem gilda skulu um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu milli deilda. Sama gildir jafnframt um heimildir vegna fjárfestingar og millifærslu milli verkefna. Í samræmi við fyrirbyggjandi verklagsreglur reikningsskila- og upplýsinganefndar setur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sér neðangreindar verklagsreglur um gerð viðauka.

Heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar

Verði breytingar á stöðugildum starfsmanna, aukning á launakostnaði eða tilfærsla á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar skal gera um það viðauka. Heimilt er að færa á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar allt að 2 milljónum króna án samþykktar sveitarstjórnar.

Heimildir vegna millifærslu á milli deilda

Ef fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun snerta fleiri en eina deild skal ætíð leggja fram viðauka.



Lágmark fjárhæðar sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka

Ætíð skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarsstaðar. Lágmarksfjárhæð sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka er 500.000 kr. Fjárhæð undir 500.000 króna skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks.

Heimildir vegna fjárfestinga og tilfærslu á milli verkefna

Framkvæmda- og veitunefnd er heimilt að hliðra til verkefnum í framkvæmda- og/eða fjárfestingaáætlun án samþykkis sveitarstjórnar, svo fremi að breytingin nemi ekki hærri fjárhæð en 5 milljónum króna og rúmist innan áður samþykkrar heildarfjárhæðar til fjárfestinga og framkvæmda í fjárhagsáætlun ársins.

Sé fjárhæð tilfærslu milli verkefna yfir 5 milljónum króna fer sú tillaga frá framkvæmda- og veitunefnd til samþykktar í sveitarstjórn. Fjárfestingar og/eða framkvæmdir sem ekki rúmast innan áður samþykkrar fjárhæðar í fjárhagsáætlun skal ætíð gera viðauka um.

Í þeim tilvikum sem gera þarf viðauka skal viðkomandi stjórnandi eða sviðsstjóri óska eftir því við sveitarstjóra að leitað verði samþykkis sveitarstjórnar fyrir viðauka. Skal stjórnandi leggja fram minnisblað fyrir sveitarstjóra og sveitarstjóri leggja í kjölfarið fram tillögu eða önnur gögn þar sem fram kemur hvernig útgjöldunum verði mætt og hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykta fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn.

Í bókun sveitarstjórnar skal þess gætt að skýrt komi fram upplýsingar um eðli breytinga, fjárhagsleg áhrif og hvernig lagt sé til að útgjöldunum eða fjárfestingunni verði mætt.

Viðauki við fjárhagsáætlun ásamt minnisblaði stjórnanda og fylgigögnum er lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og ber sveitarstjóri ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé uppfærð til samræmis við samþykta viðauka og að viðaukar séu sendir Hagstofunni innan tilskilinna tímamarka.

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 18. október 2023.